

REGLUGJÖRÐ

um

65

10. ágúst

notkun og meðferð rafmagns í Stykkishólmi.

1. gr.

Rafveitan er eign Stykkishólmshrepps og hefir hreppsnefndin á hendi yfirstjórn hennar. Hún kýs tvo menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, og er hreppsnefndaroddviti sjálfkjörinn formaður nefndarinnar.

2. gr.

Rafveitan selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugjörð þessari.

3. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar. Þó má rafveitunefndin selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er alt árið, og má ekki taka strauminn af, nema nauðsyn beri til, og þá svo stuttan tíma sem unt er.

5. gr.

Aðalálmur og húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað, þó ekki húsálmur lengri en 40 metra, en það, sem umfram er, kostar húseigandi.

6. gr.

Hver, sem óskar að fá hús sitt raflagt, eða breytt eldri raflögn, skal senda rafveitunefnd skriflega beiðni um það. Rafveitunefnd ákveður því næst, hvort raflögnin eða breytingin skuli leyfð, og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynt umsækjanda innan þriggja vikna frá því hún fjekk umsóknina.

7. gr.

Rafveitan hefir einkasölu á öllum raftækjum og efni til raflagningar á rafveitusvæðinu.

65

10. ágúst

Húsveitur skal gjöra af löggiltum rafvirkja á kostnað hús-eiganda. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyrir innanhúss eða utan.

8. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í húsið eða breytt eldri raflögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyrir en sá er gæfir stöðvarinnar, hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sje fullnægjandi. Álítist raflögnin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana, svo hún sje fullnægjandi.

9. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er þeir sjálfir leggja til, eða fá leigða hjá rafveitunni fyrir það gjald, er rafveitunefnd ákveður.

10. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar hvort heldur er í húsi eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við samkv. lögum.

11. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að lögn hans sje jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi, þannig að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafveitunnar, t. d. öryggi hrökkvi í sundur eða bilun sjáist á einangrun á lögn, skal húsráðandi tafarlaust tjá það rafveitunefnd. Varast skal að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

12. gr.

Rafveitunefnd er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

13. gr.

Rafveitustjórn og sá, er gæfir rafstöðvarinnar, skulu ætíð hafa frjálstan aðgang, þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um, hvort alt sje í góðu lagi.

15. gr.

65

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla sam-^{10.} ágúst kvæmt reglugjörð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir hreppsnefndar, er rafveitunefnd heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki hreppsnefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

16. gr.

Rafveitunefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar; sjá um, að jafnan sje til nægilegt efni til reksturs stöðvarinnar o. s. frv. Hún skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning miðaðan við áramót skal hún semja fyrir 15. janúar ár hvert og afhenda hann hreppsnefndinni, sem kýs tvo menn til að endurskoða reikninginn og úrskurðar hann síðan.

17. gr.

Hreppsnefnd semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis atvinnumálaráðuneytisins á henni.

18. gr.

Rísi ágreiningur útaf einstökum ákvæðum reglugjörðar þessarar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðuneytisins.

19. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskrá, sem sett verður samkvæmt 17. gr. hennar, má breyta með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

20. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að kr. 200,00 — tvö hundruð krónum — nema þyngri hegning liggi við, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. september 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.